

Áhersluatriði sveitarfélaga á Suðurlandi tengt gerð fjármálaáætlunar ríkisins 2018 - 2022

Sveitarfélag	Atriði
Ásahreppur	Bæta þarf verulega í viðhald vega. Tryggja að umsjón og stjórnýsla um þjóðlendur verði áfram á hendi sveitarfélaganna. Sjá til þess að skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögunum.
Bláskógabyggð	<p>1. Vegamál. Biskupstungnabraut, Laugardalsvegur og Þingvallavegur. Ástand þessara vega er algerlega óviðunandi og má til sanns vegar færa að þeir séu ónýtir og á köflum ófærir. Að sletta viðgerðarefni í þau stóru hvörf og stóru skemmdir er skammgóður vermir. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur ítrekað ályktað á fundum sínum um þessi mál. Eftirfarandi bókun var gerð á síðasta fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 1. mars s.l.:</p> <p>Ástand vegakerfis í Bláskógabyggð. <i>Sveitarstjórn Bláskógabyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna ástands vegakerfisins og áningarstaða innan sveitarfélagsins. Stofnbrautir eru víða mjög illa farnar og skapa verulega hættu fyrir vegfarendur. Daglega verða vegfarendur fyrir óhöppum við að fara um vegina s.s. að sprengja dekk og eyðileggja felgur. Slík óhöpp skapa einnig mikla hættu þeirra vegfarenda sem eru að ferðast um á sama tíma. Stofnvegir s.s. Þingvallavegur og Biskupstungnabraut eru í það slæmu ástandi að telja má ábyrgðarhlut að leyfa umferð um þá vegi. Stóra vandamálið er að það er enginn annar vegur sem getur tekið við þessari miklu umferð. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að umferðaraukning á Suðurlandi á árinu 2016 er 21% miðað við fyrra ár og 10,1% á árinu 2017. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar skorar á stjórnvöld og Vegagerðina að bregðast við þessum brýna vanda og ráðast í aðgerðir til úrbóta tafarlaust. Það er ekki valkostur að sitja hjá aðgerðarlaus þegar gestum og íbúum er búinn slík hættu sem skapast hefur. Ríkisvaldið verður að tryggja Vegagerðinni fjármagn til þess að ráðast í þær úrbætur til að tryggja lágmarksöryggi vegfarenda. Eins og staðan er núna þá er þetta mikill ábyrgðarhlutur sem hvílir á ríkisvaldinu og Vegagerðinni sem veghaldari.</i></p> <p><i>Jafnframt vísar sveitarstjórn Bláskógabyggðar í fyrri bókun og áskorun sína frá síðasta ári, á 197. fundi sveitarstjórnar þann 6. apríl 2017:</i></p> <p><i>Umræða um samgöngumál í Bláskógabyggð.</i> <i>Umræða varð um samgöngumál í Bláskógabyggð og ástand vegakerfisins innan Bláskógabyggðar. Ljóst er að ástand vegakerfisins er ekki viðunandi. Í ljósi hins sívaxandi ferðamannastraums þá er vegakerfið engan veginn í stakk búið til að taka við þessari miklu umferð. Stutt er síðan að stór fólksflutningabifreið fór útaf vegi í þjóðgarðinum á Þingvöllum þar sem vegkantur gaf sig. Einnig er bundið slitlag að brotna upp mjög víða, sem skapar mikla hættu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar beinir því til Vegagerðarinnar og ríkisvaldsins að við óbreytt ástand verði ekki unað. Veita þarf mun meira fjármagni til uppbyggingar og viðhalds vega á þessum þungu ferðamannaleiðum innan Bláskógabyggðar. Ábyrgð á öryggi íbúa og gesta er</i></p>

Í húfi og ríkisvaldið getur ekki látið undir höfuð leggjast að sinna lögbundnu og nauðsynlegu hlutverki sínu. Haga þarf fjárveitingum til vegaframkvæmda á skynsamlegan og ábyrgan hátt sem byggð er á þjóðhagslegum forsendum og umferðarpunga, en að áliti sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er mikil vöntun á að svo sé. Sveitarstjórn krefst þess að vinnu við gerð samgönguáætlunar sé byggð á fyrrgreindum forsendum og í takt við fjárlög og fjármálaáætlun ríkisins. Það ætti ekki að vera erfiðleikum bundið að láta áætlanir ganga í takt þar sem Alþingi Íslendinga vinnur og samþykkir þessar áætlanir. Misræmi milli áætlana ríkisins er ekki í neinum tilfellum réttlætunleg og í raun lítilsvirðing við almenna borgara. Rétt er að benda á í þessu sambandi, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni, fóru um Mosfellsheiði 684.994 ökutæki á árinu 2016 og á sama tímabili fóru um Holtavörðuheði 506.635 ökutæki. Þá fóru um Gullfoss 677.818 ökutæki og Biskupstungnabraut um hringveg 1.262.360 ökutæki. Það er ljóst að um vegakerfi innan Bláskógabyggðar fara mun fleiri ökutæki en á hringvegi 1 víðsvegar um landið. Það er því miður nauðsynlegt, ef ekki verður gerð bragabót á þessu vegakerfi, að lækka verður verulega hámarkshraða innan marka Bláskógabyggðar.

Reykjavegur

Reykjavegur hefur verið á vegaáætlun í nokkur skipti en hefur því miður lent út fyrir spássiuna oftast en einu sinni þegar kemur að því að setja verkið í gang. Nú hefur Reykjavegur verið á áætlun en hnökror hafa verið á málum til þessa. Leysa þarf sem allra fyrst þau ágreiningsmál sem tafið hafa verkefnið.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar þykir það leitt og súrt að ekki skuli vera staðið við fyrirætlanir sem fram koma í vegaáætlun og kallar jafnframt á sterka samstöðu meðal þingmanna Suðurlands að tryggja fjármagn til vegarins. Staða þessa máls er orðið þannig vaxin gagnvart íbúum Bláskógabyggðar og gestum að óviðunandi er. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur þunga áherslu á að uppbygging á þessum vegi verði tryggt brautargengi, enda samgönguæð milli Reykhólts og Laugarvatns auk þess mikilvægur gagnvart þjónustu við íbúa s.s. við skólaakstur og að endingu mikilvægur fyrir ferðaþjónustu á svæðinu.

Vegurinn frá Brúarhlöðum norður að Biskupstungnabraut

Á síðasta fundi með þingmönnum Suðurlands var kallað eftir samstöðu þess að ljúka uppbyggingu á Hrunamannavegi, þ.e. efsta hluta hans frá Brúarhlöðum að Biskupstungnabraut. Þessi vegur er afar mikilvægur ferðamannavegur, enda vel merktur á vegakortum. Staðreyndin er reyndar sú að á undanförunum árum hefur það hreinlega orkað tvímælis að beina umferð inn á þennan veg, svo slæmt hefur ástandið verið á köflum. Reynum nú að sameinast um að ljúka þessu verki að byggja þennan veg upp, það er einungis kaflinn frá Brúarhlöðum og að Biskupstungnabraut eftir.

Einhóltsvegur (Eystri-Tunga)

Á síðasta þingmannafundi var einnig lögð áhersla á úrbætur á veginum um Eystri-Tungu en það er afar mikilvægur vegur innan sveitarfélagsins. Ástand þess vegar hefur verið mjög slæmt undanfarin ár. Svo slæmur að jafnvel skólalífreiðar hafa skemmst af því að aka um hann.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar kallar eftir baklandi hjá þingmönnum Suðurlands að sjá til þess að fjármagni verði ráðstafað í þessa vegi. Nauðsynlegt er einnig að hafa það í huga, í ljósi þeirrar miklu umferðar sem orðin er á ferðamannavegum Gullna hringsins, að það er ekki

annað hægt en að fara að huga að gagngerum endurbótum á Biskupstungnabraut, Laugarvatnsvegi (bæði frá Svínavatni og út með Hlíðum) og veginum í gegnum Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þegar ráðist verður í aðgerðir á þessum vegum, hvert á þá að beina umferðinni ef aðrir vegir sem hægt er að nýta sem hjáleiðir s.s. Reykjavegur, Einholtsgvegur og vegurinn norður af Brúarhlöðum eru óakfærir?

Kjalvegur

Nú þarf síðan að halda áfram norður Kjalveg og leggja línurnar fyrir næstu áfanga í þessu verki. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar treystir því að Vegagerðin og þingmenn Suðurkjördæmis standi fast í fæturna með að halda þessu verki áfram og tryggji fjármagn í verkið þannig að hægt verði að taka næsta áfanga í framhaldi af þessum þörfu framkvæmdum þessa árs.

2. Fjarskipti – ljósleiðari

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur þunga áherslu á mikilvægi uppbyggingar á **háhraða nettengingu í dreifbýli**. Tryggja þarf fjármagn til Fjarskiptasjóðs eins og verið hefur, að lágmarki. Í dag sitja eftir sveitarfélög sem hafa hærri framkvæmdakostnað við hverja tengingu. Það á ekki að þurfa að vera áttakamál innan þingnefndar að fjárframlög til sjóðsins haldist, en verði ekki skorin niður þegar kemur að úthlutun **styrkja á þau svæði sem dýrari eru í framkvæmd**. Þá þarf frekar að bæta í svo jafnræðis milli sveitarfélaga verði gætt.

3. Málefni lögreglunnar.

Umdæmi Lögreglustjórans á Suðurlandi er mjög víðáttumikið og fjölbreytilegt. Sem dæmi má nefna mikla sumarhúsabyggð, þá sérstaklega í Uppsveitum Árnessýslu. Umdæmið er mjög fjölsótt af ferðamönnum og eru þar fjölsóttustu ferðamannastaðir hvort sem um er að ræða í byggð eða á hálendi. Hin mikla aukning ferðamanna á Íslandi hefur **aukið verulega verkefni lögreglunnar**.

Aukin fjárveiting fyrir síðasta ár og þetta hefur gert það að verkum að hægt hefur verið að sinna löggæslu í Uppsveitum Árnessýslu. Fyrir það erum við þakklát. Við megum samt sem ekki standa í þeim sporum að gist sé til einnar náttar hvað þetta varðar og þurfa að berjast fyrir því á hverju ári að þessi fjárveiting standist, eða að öðrum kosti að leggja þessa þörfu löggæslu niður.

Höfum mannsbrag á hlutunum og tryggjum auknar fjárveitingar til lögreglunnar og gerum henni það kleift að sinna verkefnum sínum. Við skorum á þingmenn Suðurlands að þetta raðir sínar í þessum málum og sækja fram og gæta hagsmuna Suðurlands.

Flóahreppur

Með þátttöku okkar í fundinum viljum við leggja áherslu á að gera þarf **átak í samgöngumálum**. Við tökum umræðu um **raforkuverð til húshitunar**. Bendum einnig á ósamræmi í skilaboðum frá stjórnýsly þar sem í öðru orðinu er talað um að **halda byggingarkostnaði niðri** en í undirbúningi er lagasetning þar sem með mannvirkjalögum, **er verið að auka byggingarkostnað** með auknum kröfum til eftirlitsaðila. Einnig viljum við leggja áherslu á að það þarf að **standa vörð um bændasamfélagið** sem svæði eins og Flóahreppur byggja að miklu leyti á. Meðalstór bú sem skapa atvinnu fyrir fjölskylduna sem að búinu stendur og grundvöll þess að þessi bú skapi viðunandi afkomu.

Grímsnes- og Grafningshr. Aukið fé til viðhalds vega og aukin vetrarþjónusta.

Að komið verði á **endurgreiðslu vsk af fráveitum**.

Að eiga lögheimili í sumarhúsi verði ekki leyft.

Að heimagisting verði tekin út, a.m.k. breytt þannig að eftirlit verði með starfseminni. Lög um veitingastaði, gistaða og skemmtanahald verði breytt þannig að þau samræmist lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Jafnframt tillaga ferðamálaráðs um að sveitarfélögin ákveði sjálf leyfilegan dagafjölda heimagistingar komi alls ekki til framkvæmda.

Hrunamannahreppur

1. Samgöngu- og fjarskiptamál.

Ljósleiðari. Mikilvægt að **tryggja áframhaldandi framlög í Fjarskiptasjóð** og aðlaga úthlutunarreglur að verkefninu, þ.e. að skýrt sé að megi tengja aðila við ljósleiðarann þegar verkefnið er komið á stað án þess að glata möguleika á styrk úr Fjarskiptasjóði.

Mörg **samgöngumál** eru brýn og þarf að tryggja að séu inni á samgönguáætlun og einnig **þarf Vegagerðin aukið fjármagn**. Vegna stóraukins umferðarþunga vegna ferðamanna og ferðapjónustufyrirtækja hefur aldrei verið eins brýnt að auka fjármagn til vegagerðar. Í tengslum við það er sérstaklega bent á eftirfarandi verkefni:

Tryggja fjármagn og breytingu á samgönguáætlun vegna hringtorgs á Flúðum sem er ekki á samgöngugáætlun fyrr en 2023-2026.

Klára að leggja bundið slitlag á Langholtsveg.

Byggja upp og leggja bundið slitlag á Hrunaveg að Hruna m.a. vegna aðsóknar ferðamanna í Hrunalaug.

Breikkun á Stóru-Laxárbrú en hún er einbreið í dag sem er á samgönguáætlun 2023-2026.

Mikilvægt er að aukinn kraftur verði settur í uppbyggingu og viðhald tengivega á svæðinu vegna stóraukinnar umferðar ferðamanna.

Vegur við Gýgjarhól/Einholtsvegur. Klára verður veg sem ómalbikaður er efst á Skeiða-Hrunamannavegi á móts við Gýgjarhól, til tengingar við Biskupstungnabraut. Vegurinn er kominn inn á samgönguáætlun 2019-2022.

Kjalvegur. Mikilvægt að klára að byggja þann veg upp frá Árbúðum að Hveravöllum og tryggja góðar samgöngur upp í Kerlingarfjöll.

Samræma og auka sveigjanleika í vetrarþjónustu, t.d. Skeiða- og Hrunamannaveg/Einholtsveg.

2. Uppbygging ferðamannastaða.

Tryggja þarf sanngjarnan afrakstur af auknum ferðamannsstraumi þannig að **tekjur renni í aukunum mæli til samfélagana** út á landi þar sem er umferð og ágangurinn er fyrir hendi. Það á að skoða að taka upp gjaldtöku á ferðamannastaði þar sem þar á við. Tryggja þarf fjármagn í framkvæmdasjóð ferðamála og landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minja. Þá þarf að **breyta reglum og eftirliti varðandi skráningu heimagistingar í svokallaðri Airbnb gistingu** en okkur sýnist ekki skilvirkt eða heppilegt að Sýslumaðurinn í Reykjavík sjá um þessa hluti fyrir landið allt.

3. Orku-og rafmagnsmál og auðlindastefna svæðisins.

Það er krafa Sunnlendinga að sú orka sem framleidd er í héraði verði í auknum mæli notuð til nýtingar heima í héraði og þar horfa menn yfir sveitarfélagamörk. Benda á má á auðlindastefnu SASS 2017-2025 sem Hrunamannahreppur hefur staðfest fyrir sitt leyti.

Sveitarfélögin á svæðinu verða að **geta nýtt sér auðlindir sínar til atvinnusköpunar á svæðinu**, ekki síst til að auka fjölbreytileika atvinnutækifæra til koma í veg fyrir íslenska „nýlendustefnu“.

4. Menntamál.

Það þarf að verja og skjóta enn frekari stöðu undir framhalds- og háskólamenntun á svæðinu. Tryggja þarf að Fsu og ML geti haldið og valdið hlutverki sínu og stykt stöðu sína og reyna að bæta þann skaða sem varð þegar Háskóli Ísland flutti íþróttaskor sitt frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Það er ekki eðlileg staða að á Suðurlandi sé hlutfall þeirra sem eru með háskólamenntun 23% en 42% á höfðuborgarsvæðinu og Sunnlendingar sætta sig ekki við að verða annars flokks þegnar í landinu. Þá þarf að huga að breytingum á lögum um kennaranám til að koma í veg fyrir að fyrirsjáanlegan skort á kennurum í framtíðinni.

5. Umhverfismál.

Miðhálandið. Forsenda fyrir því að sveitarfélögin nálgist umræðu um þjóðgarð á miðhálandinu að það mál sé framsett með hagsmuni samfélagana á svæðinu í huga þannig að stjórn og starfssemi verði í þeim samfélögum sem umrædd svæði eru staðsett í. Það er krafa ef af verður að **þjóðgarðsstofnun verði sem næst þjóðgarðinum, t.d. á Laugarvatni**, og að nærsamfélagið eigi sína fulltrúa í öllum stjórnnum þjóðgarða, s.s. Þingvallapjóðgarði.

Fráveitumál. Endurgreiðslur úr fráveitusjóði. Vanefndir ríkisins á endurgreiðslum úr fráveitusjóði sem námum greiddum VSK vegna fráveituframkvæmda hafa bitnað mjög þungt sveitarfélaginu sem lagði í mjög dýrar fráveituframkvæmdir sem kláruðust á árinu 2008. Forsenda framkvæmda á sínum tíma voru þær til kæmu endurgreiðslur frá ríkinu sem áttu að gilda skv. lögum til loka ársins 2008. Tryggja þarf aukið fjármagn til að hjálpa sveitarfélögum til að byggja upp fráveitukerfi sín enda mjög dýr úrræði og óeðlilegt að ríkissjóður innheimti VSK af slíkum framkvæmdum.

Hveragerðisbær

Suðurlandsvegurinn – einn alfjörfarnasti og hættulegasti vegur landsins er löngu kominn á tíma! Tryggja þarf fjárveitingar til að framkvæmdir geti hafist við **breikkun hans á milli Hveragerðis og Selfoss**.
Málefni HNLFI – tryggja þarf að fjárveiting ársins 2018 sé komin til að vera.
Reykjadalur – aðkoma ríkis að landvörslu.
Hjúkrunarrými – ófremdarástand.

Mýrdalshreppur

Samgöngumál; Láglandsvegur um Mýrdal og ný brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi. Almennt viðhald á þjóðvegi 1 sem er hruninn á stórum köflum. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fagnar sérstaklega samstöðu og frumkvæði þingmanna kjördæmisins með þingsályktunartillögu um umhverfismat vegna láglandsvegar um Mýrdal. Nauðsynlegt að flýta þessu sem kostur er.

Atvinnumál; Til að efla uppbyggingu innviða og styrkingu samfélagsins (m.a. vegna þensluáhrifa við stóraukin straum ferðamanna) er nauðsynlegt að sveitarfélagið fái **tekjustofn frá ríkinu**. (t.d. hluta vsk eða gistináttagjald)

Heilsugæsla og öldrunarmál; Nauðsynlegt að styrkja heilsugæsluna hjá okkur og koma rekstri hjúkrunarheimilisins í það horf að það sé ekki rekið með miklum halla eins og raunin hefur verið árum saman. Okkar hjúkrunarheimili þarfnast orðið mikils viðhalds og endurnýjunar og er orðið barns síns tíma.

Heimavistarmál FSU; Nauðsynlegt að byggja upp heimavist við Fjölbrautarskóla Suðurlands. FSU er heimaskóli Vestur-Skaftafellssýslu og nemendur þaðan eiga enga möguleika á að nýta sér skólaakstur vegna vegalengdar. Það er mjög snúið og kostnaðarsamt fyrir foreldra að þurfa útvega leiguhúsnæði fyrir sín börn á Selfossi og vart boðlegt fyrir 15-16 ára börn.

Rangárþing eystra

1. Þjónustustofnanir ríkisins:

Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols. Þakkir fyrir aðstoð við uppbyggingu heimilisins:

- En betur má ef duga skal:** : Okkur vantar sárlega fleiri hjúkrunarrými. Frá því að bygging hófst hefur rýmum fækkað um 5, þar sem á 10 dvalarrými hafa verið „seld“ á móti 5 hjúkrunarrýmum. (Nútíma hreppaflutningar eru algerlega óviðunandi). Á biðlista eru 5 að bíða eftir dvalarrýmum og 6 að bíða eftir hjúkrunarrýmum alls 11 manns.
- Heilsugæslu Rangárþings:** Tryggja nægilegt rekstrarfjármagn til HSU. Hér eru gríðarlega stórir vinnustaðir eins og Sláturfélag Suðurlands og því brýnt að vera með örugga þjónustu á Hvolsvelli. Eðlilegt er að markmiðið sé að tryggja góða þjónustu sem og forvarnir í héraði. Einnig aukna heimilisþjónustu, þar sem stefna stjórnvalda er að aldrei geti dvalið sem lengst í heimahúsum.
- Heimavist FSU:** Nauðsynlegt að byggja upp heimavist við FSU. 40% nemenda skólans eru úr dreifbýli og aðeins hluti nemenda eiga möguleika á að nýta sér skólaakstur.
- Almenningssamgöngur:** Nauðsynlegt að strætó geti verið sjálfsgættur valkostur. Tryggja þarf meira fjármagn til starfseminnar.
- Menntun: Art verkefnið og Fræðslunet Suðurlands og til fjölbreyttara fjarnáms á háskólastigi.** Tryggja þarf þessum þörfu og brýnu verkefnum öruggt rekstrarfjármagn til framtíðar.

2. Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu:

- Ríkisvaldið verður að móta stefnu varðandi aðstoð við uppbyggingu vinsælla ferðamannastaða** í sveitarfélaginu.
- Gjaldtaka:** Brýnt er að koma hlutum þannig fyrir að fjölsóttir ferðamannastaðir verði sjálfbærir – þ.e. að tekjur komi inn til þess að geta bætt aðstöðu, byggt upp betri salernisaðstöðu og hvers konar þjónustu. (Gjaldtaka þegar hafin við Seljalandsfoss).
- Skipulagsmál á þjóðlendum:** Sveitarfélagið hefur m.a. gert deiliskipulag af Þórsmörk. Eðlilegt er að fá greidd framlög frá ríkinu sem landeiganda til þess arna. (Hvað með Kárahnjúkasjóðinn?), sem var tæpur milljarður.

Samgöngur:

- Þjóðvegur 1:** Aukin ferðamannastraumur kallar á meira fjármagns til viðhalds og uppbyggingar.
- Tengivegir:** Mjög brýnt er að halda áfram uppbyggingu tengivega í sveitarfélaginu en þeir eru undirstaða mannlífs og atvinnulífs. Einn skóli og einn leikskóli er í sveitarfélaginu og því er skólaakstur mikill og mikils um vert bæði í öryggisskyni og einnig varðandi velferð íbúanna að vegir séu í takt við nútímamann. Í skólanum eru liðlega 100 börn sem ferðast samtals um 2.200 km á viku margir þeirra ferðast um afar illfæra og leiðinlega vegi.
- Landeyjahöfn:** Hefur haft mjög mikil áhrif á mannlíf og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og víðar. Tryggja þarf fjármagn til sanddælingar þannig að höfnin þjóni tilgangi sínum. Nýr Herjólfur er einnig grundvöllur að tryggari samgöngum milli lands og eyja.
- Lögreglustjóraembættið:** Sveitarstjórn gleðst yfir að Lögreglustjórinn á Suðurlandi hafi aðalaðsetur á Hvolsvelli. Afar brýnt er að

tryggja nægilegt fé til reksturs embættisins m.a. vegna sólarhringsvakta og hálandiseftirlits.

e. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi:** Á sama hátt þarf að tryggja sýslumannsembættinu nægjanlegt rekstrarfé. Einnig er vilji á embættinu til að taka að sér aukin verkefni. Þingmenn þurfa að vera á vaktinni og hafa það að leiðarljósi að skapa störf á landsbyggðinni. T.a.m. er ráðgert að taka upp rafrænar þinglýsingar á næsta ári.

Forgangsverkefni sveitarfélagsins:

- **Hjúkrunar og dvalarheimili: Fleiri hjúkrunarrými**
- **Heilsugæslustöðin á Hvolsvelli: Trygg heilsugæsla**
- **Samgöngumál: Áframhaldandi uppbygging Þjóðveg 1 og tengivega.**

Rangárþing ytra

Samgöngumál

Við leggjum mjög mikinn þunga á samgöngumálin. Framkvæmdir eru nú í gangi við langþráða vegabót með brúun Þverár um Odda sem tengir Bakkabæi og þar með Landeyjar við Rangárvelli og skapar þar með flóttaleið ef kemur til náttúruhamfara og flóða á svæðinu. Framkvæmdin er samstarfsverkefni sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar. Búið er að tryggja fjármuni sem fleyta verkinu langt en til að klára þessa vegtengingu vantar þó enn uppá og viljum við biðla til þingmanna að leggja okkur þar lið. Mikið er sótt inn á hálendið frá okkar sveitarfélagi en þar eru m.a. vinsælustu áfangastaðir ferðamanna á hálendinu. Nauðsynlegt er að bæta úr vegasamgöngum um báðar fjallabaksleiðir og sérlega brýnt að akvegur í Landmannalaugar verði lagfærður. Styrkvegafé hefur rýrnað með ári hverju og á síðasta ári voru 2,2 m.kr. sem runnu til ráðstöfunar hjá Rangárþingi ytra til heflunar og lagfæringa á styrkvegum. Þessi upphæð hrekkur skammt.

Lundur hjúkrunarheimili

Það er okkur mikið fagnaðarefni að ný viðbygging er nú risin við Lund. Þó sá áfangi sé í höfn þá er gríðarlega mikilvægt að ekki verði slegið slöku við því fjölga þarf hjúkrunar- og hvíldarrýmum á Lundi og strax þarf að leggja drög að næsta áfanga í uppbyggingunni.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Íbúafjöldi í Rangárþingi er vaxandi og ferðamannastraumurinn um héraðið gríðarlegur. Með öllum ráðum þarf að hlúa að

Heilbrigðisstofnun Suðurlands þannig að hún sé í stakk búin að halda úti öflugri heilsugæslu, sinna vöktum í heimahjúkrun og reka sjúkraflutninga í héraði.

Tekjur af ferðamönnum

Það er bagalegt að ekki skuli hafa tekist að útfæra komugjöld eða annað álíka einfalt þannig að hafa megi tekjur af ferðamönnum sem flykkjast til landsins og nýta þær tekjur til uppbyggingar í þeim sveitarfélögum þar sem ferðamannaþunginn er mestur. Þarna eru ónýtt tækifæri og þetta þarf að laga.

Skaftárhreppur

Þrífösun rafmagns

Þrífösun rafmagns í Skaftárhreppi er á áætlun RARIK í lok þriðja og síðasta áfanga 2034. Skaftárhreppur fer fram á að ríkið greiði flýttigjald að upphæð 351 milljón til Rarik vegna lagningu þriggja fasa rafmagns í sveitarfélaginu til að fyrr verði farið í verkefnið. Heildarlengd eins fasa línukerfis í Skaftárhreppi er 146 km og eru þá ekki meðtaldar álmur að tveimur vitum serm eru um 14 km. Sjá meðfylgjandi samantekt frá Rarik.

Ríkisjarðir

Í Skaftárhreppi er hæsta hlutfall ríkisjarða á landsvísu, af 134 lögbýlum eru 24 ríkisjarðir. Þar af eru 12 sem ekki eru í ábúð. Heimild er til að selja 4 af þeim en þær hafa hins vegar aldrei verið auglýstar. Algjört stefnuleysi virðist í gangi hjá stjórnvöldum í málinu. Sóst hefur verið eftir því að fá þessar jarðir leigðar án árangurs. Þar bera Ríkiseignir fyrir sig vöntun á skýrri sýn stjórnvalda á framtíð ríkisjarða. Skaftárhreppur fer fram á að ríkisjörðum í sveitarfélaginu verði komið í útleigu eða þær seldar. Þær verði þannig nytjaðar og sem flestar setnar en ekki láttnar grotna niður.

Kirkjubæjarstofa - þekkingarsetur

Uppbygging Kirkjubæjarstofu-þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri er mikilvæg fyrir atvinnuþróun og nýsköpun í sveitarfélaginu. Skaftárhreppur fagnar því að uppbygging gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs sé farin af stað en eftir stendur áframhaldandi þörf á þekkingarsetri byggt á þeirri hugmynd heimamanna sem farið var af stað með 2011. Unnin hefur verið þarfagreining á húsnæði Kirkjubæjarskóla með nokkrum valkostum og hafa valkostirnir verið kostnaðargreindir. Skólahúsnæði grunnskólans er komið til ára sinna og uppfyllir ekki þau skilyrði sem gerð eru til skólahúsnæðis í dag. Ljóst er að ráðast þarf í mjög umfangsmiklar og kostnaðarsamar aðgerðir til að svo megi verða. Skaftárhreppur fer fram á að ríkið aðstoði við fjármögnun á valkosti A þar sem gert er ráð fyrir þekkingarsetri í hluta húsnæðisins með viðbyggingu við grunnskólann.

Samgöngumál og fjarskipti

Mikil þörf er á endurbótum á vegakerfi í Skaftárhreppi hvort sem um ræði þjóð-, tengi- eða héraðsvegi. Einnig eru einbreiðar brýr í sveitarfélaginu 13 talsins og þar af eru 5 þeirra á þjóðvegi 1 þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Fjöldi ökutækja á ferðinni fer sífellt vaxandi á heilsársgrundvelli í takti við gríðarlega aukningu á heimsóknum erlendra ferðamanna sem leggja leið sína í og í gegnum sveitarfélagið. Til að auka öryggi fólks á þjóðveginum þarf útrýma einbreiðum brúm, breikka vegaxlir og útbúa af- og fráreinar við áningarstaði. Tenging- og héraðsvegir er mjög illa farnir um allt sveitarfélag og hefur verið mjög lítið viðhaldið undanfarnar ár.

Enginn flugvöllur er í Skaftárhreppi en flugvöllurinn á Stjórnarsandi var tekin af skrá ISAVIA fyrir nokkru síðan. Engin landingarstaður er því t.d. fyrir sjúkraflugvélar sem getur verið lífsspursmál. Nýjasta dæmi um þörf á slíku er rútuslysið í Eldhrauni sem varð þann 27. desember sl. Flugvöllurinn getur líka gegnt veigamiklu hlutverki ef almannavarnarástand skapast t.d. vegna náttúruhamfara.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps og Lögreglustjórnin á Suðurlandi leggja áherslu á að **fjarskiptasamband sé tryggt í öllu sveitarfélaginu** vegna yfirvofandi náttúruvárs. Enn eru fjölmargir staðir í sveitarfélaginu með lélegt eða ekkert samband. Þar sem þeir sem verða á svæðinu ef til náttúruhamfara kemur þurfa að reiða sig á að fá sent SMS skilaboð verður að tryggja að þau komist til skila.

Öryggi ferðamanna og landvarsla á láglandi Sveitarstjórn

Skaftárhrepps og Lögreglustjórnin á Suðurlandi telja mikilvægt að stjórnvöld leggi áherslu á að endurskilgreina hlutverk upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn. Upplýsingamiðstöðvar þjóna ekki lengur eingöngu því hlutverki að vísa ferðamönnum veginn, heldur geta þær verið öflugt verkfæri stjórnvalda til að stuðla að öryggi ferðamanna og ábyrgari hegðun þeirra. Til að slíkt megi verða þarf

m.a. að koma til aukið fjármagn til heilsársopnunar upplýsingamiðstöðva. Skaftárhreppur er staðsettur stutt frá mikilli náttúruvá bæði í austur og vesturátt en mikill fjöldi ferðamanna heimsækir sveitarfélagið allt árið um kring. Það er því mikilvægt að hér sé hægt að veita **samræmdar upplýsingar til ferðamanna** allt árið um kring. Margir staðir á láglandi sveitarfélagsins heyra hvorki undir Vatnajökulsþjóðgarð eða Umhverfisstofnun en eru undir miklu álagi vegna mikil ágangs ferðamanna. Setja þarf fjármagn til landvörslu á slíkum svæðum.

Brú frá gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs yfir Skaftá

Sveitarstjórn fer fram á að þingmenn beiti sér fyrir því að brú í tengslum við gestastofu Vatnajökulsþjóðgarð verði fjármögnuð samhliða uppbyggingu stofunnar. Síðasta vor var samþykkt í Skaftárhreppi staðarval gestastofunnar ásamt brú við Sönghól sunnan Skaftár. Forsenda staðsetningarinnar er að brú komi yfir Skaftá til að tengja við Kirkjubæjarklaustur og mögulegt þekkingarsetur í þorpinu.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum

Skaftárhreppur fer fram á að fjölgað verði hjúkrunarrýmum á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum. Rekstur heimilisins er mjög viðkvæmur og mikilvægt að styrkja stoðir hans. Hvorki þarf að byggja húsnaði né fjölga starfsfólki svo hægt sé að sinna fleiri í hjúkrun.

Skeiða- og Gnúpverjahr.

1. Samgöngumál

Það eru mörg dæmi um afleita vegi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Tengivegir og afleggjarar að heimilum fólks og fyrirtækja eru þar ekki síst slæmir. **Ferðamannastraumur og þungaf lutningar** hafa vaxið hér eins og annarsstaðar og ekki undra að merki þess sjáist á vegakerfinu.

Okkur hefur lítið orðið ágegn í að baráttunni eftir **auknu fé til vegmála**, en við óskum enn á ný eftir að vegum í okkar sveitarfélagi verði gerð skil.

2. Fjarskiptamál.

Það er runnið upp árið 2018 ótrúlegt er að enn skuli allnokkrir bæir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vera með lítið sem ekkert GSM samband. Við höfum hamrað á útbótum ár eftir ár í þeim efnum. Það þarf ekki að fjölgráa um þá náttúruvá sem við búum við. Ef til náttúruhamfara kæmi gæti svo farið að slæmt símasamband myndi valda meiri erfiðleikum hjá íbúum og ferðamönnum en annars væri, vægt til orða tekið.

3. Rafmagnsverð- dreifing rafmagns

Enn og aftur eru þingmenn kjördæmisins minntir á að beita sér fyrir **jöfnuði í verðlagningu á rafmagni milli þéttbýlis og dreifbýlis.**

Að sama skapi er minnt á að mikið vantar á öryggi í dreifingu rafmagns í héraðinu, við finnum fyrir því í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þar er heldur pínlegt í héraði þar sem stór hluti raforku landsmanna verður til.

4. Endurgreiðsla Virðisaukaskatts af fráveitumannvirkjum.

Skeiða – og Gnúpverjahreppur þurfti óhjákvæmilega að fjárfesta í skolphreinsistöð á síðasta ári. Kostnaður við hana nam um 50 mkr. Hún mun þjóna aðeins hluta sveitarfélagsins. Ekki er heimild til að innskatta slíka fjárfestingu. Við undrumst að svo skuli vera og óskum eftir að á því verði gerð breyting. Ekki síst í ljósi aukinna krafna um fráveitur og þar með umhverfismál.

Þjórsárdalur- uppbygging.

5. Landsvirkjun – flutningur starfa í hérað

Það er óumdeilt að Þjórsá- Tungnaársvæðið er stærsta orkuöflunarsvæði Landsvirkjunar og þar með landsins alls. Það hlýtur að teljast sanngjörn krafa að **aukinn hluti af starfsemi Landsvirkjunar flytji í héraðið.**

6. Fasteignagjöld af mannvirkjum vegna virkjana.

Við leggjum áherslu á lögum verði breytt sem fyrst á þann veg að **önnur virkjanamannvirki en til að mynda stöðvarhús beri fasteignagjöld.** Er þar átt við til dæmis stíflur og möstur.

Heilbrigðis- og Öldrunarmál.

Það efast varla nokkur um að heilbrigðisþjónusta er eitt af allra mikilvægustu þáttum í hverjum byggðarlagi. Við leggjum áherslu á að Heilbrigðisstofnun Suðurlands verði tryggt fjármagn til að halda uppi fullnægjandi þjónustu. Séð verði til þess að heilsugæsla verði áfram rekin í Laugarási.

Það ber að fagna því að tryggt hafi verið að talsvert mörg hjúkrunarrýma verða tekin í notkun á næstu árum, því miður eru sennilega nokkur ár í að þau verði tilbúin. Svo virðist sem þau rými muni engan veginn duga til að uppfylla þörfina.

Sveitarfélagið Árborg

Samgöngumál (ekki síst Suðurlandsvegur og ný brú/göngubrú)
Endurgreiðsla á vsk vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga
Menningarsalur Suðurlands á Hótel Selfossi
Fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna sjálfstæðra þjónustuaðila í málefnum fatlaðra
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, endurskoðun á regluverki

Sveitarf. Hornafjörður

Klára samninga þannig að hægt sé að **hefja byggingu hjúkrunarheimilis.**
Hringvegur um Hornafjarðarfljót.
Einbreiðar brýr og vegaumbætur.
Innsigling um Hornafjarðarós og Grynnslin.

Sveitarfélagið Ölfus

Þorlákshöfn – Ný stálþil á Svartasker og Suðurvarargarð og lenging Suðurvarargarðs (2 – 2,5 ma.kr.) Stækkun hafnarinnar til austurs (3 ma.kr.) – Mikilvægt fyrir uppbyggingu Suðurlands.
Þrengslavegur – Klifurrein í Skógarhlíð
Tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga – Verkefni sem sveitarfélögin hafa fengið frá ríkinu á síðustu árum og áratugum verða stöðugt dýrari í framkvæmd, s.s. grunnskólinn og málefni fatlaðra. Þetta getur ekki endað með öðru en versnandi þjónustu og lakari árangri.
Heilbrigðismál – **Heilsugæslan og málefni aldraðra.** Mikilvægt að efla heimahjúkrun helst þannig að fólk geti varið æviköldinu heima.

Vestmannaeyjabær

1. Samgöngur og heilbrigðisþjónusta

Veigamestu þjónustubættir ríkisins í Vestmannaeyjum og víðar á Suðurlandi eru rekstur heilbrigðisþjónustu og samgöngur. Frómt frá sagt eru báðir þessir bættir þeir sem mest óánægja er með. Til marks um það má nefna að langflestir nefna samgöngur og heilbrigðismál sem

þá þjónustubætti sem helst þarf að laga skv. þjónustukönnun Gallup/Capacent og gildir þá einu að þar er verið að spyrja um þjónustu sveitarfélagsins en ekki þjónustu ríkisins.

Tryggja þarf að ef það verður rekstrarhagræðing með tilkomu nýrrar Vestmannaeyjaferju þá nýtist það fjármagn til að bæta þjónustu við íbúa í nærsamfélaginu (td. Vestmannaeyjum og Rangárþingunum).

Tryggja þarf **rekstrargrundvöll flugfélaga** sem sinna mikilvægri þjónustu á Suðurlandi svo sem með áætlun á Hornafjörð og til Vestmannaeyja.

Stórefla þarf alla **heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi** og forgangskrafa Vestmannaeyjabæjar er að tryggð verði fæðingaþjónusta með fullu aðgengi að skurðstofu allan sólarhringinn allt árið í Vestmannaeyjum.

2. Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga

Vestmannaeyjabær telur afar brýnt að tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga verði tekin til gagnerrar endurskoðunar. Í því sambandi verður að annarsvegar að horfa til þeirrar þróunar sem orðið hefur í samfélaginu, s.s. íbúaþróunar, lýðfræðilegra þátta, lagaskyldu og innviðaupbyggingar. Hinsvegar þarf að horfa til þess að breyttir atvinnuhættir fækka störfum í grundavallarátvinnuvegum svo sem í sjávarútvegi og yfir 70% af tekjum sveitarfélaga er tilkomin vegna útsvars. Færri störf merkja því lægri tekjur til nær samfélagsins, jafnvel þótt arðsemi fyrirtækisins og þar með skattar ríkisins aukist. Á sama tíma er ljóst að verkefni sveitarfélaga hafa vaxið jafnt og þétt og útlit er fyrir að þau aukist enn frekar á komandi árum. Heildartekjur hins opinbera hafa vaxið verulega á liðnum árum og þá sérstaklega með auknum tekjum af ferðaþjónustu og fær ríkið stærsta hluta þeirrar tekjuaukningar. Á sama tíma standa sveitarfélög frammi fyrir auknum kostnaði, m.a. við innviðaupbyggingu vegna mikillar fjölgunar ferðamanna. Þá telur bæjarstjórn að rétt sé að horfa til þess að sveitarfélög hafi ekki nettóskattbyrði af virðisaukaskatti, fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti, í skattlagningu fyrirtækja og veiði- og auðlindagjöldum.

3. Rekstur hjúkrunaheimila

Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að stjórnvöld tryggji sveitarfélögum nægt fjármagn til að standa undir rekstri þjónustu við aldraða. Öllum er ljóst að daggjöld hjúkrunaheimila hafa ekki fylgt þeirri þróun sem orðið hefur á kjarasamningsbundnum launum á liðnum árum og nú er svo komið að daggjöld duga rétt fyrir launum en annar rekstrarkostnaður er borinn uppi af rekstraraðilum hjúkrunarheimila. Fyrir liggur að ríkinu ber að annast þessa þjónustu og daggjöld eiga að endurspegla raunverulegan rekstrarkostnað heimilanna sem byggir á þjónustustöðlum sem settir eru af ríkinu. Vestmannaeyjabær hefur á sl. sjö árum greitt með rekstri öldrunarheimilinu í Vestmannaeyjum (Hraunbúðir) 356 milljónir króna sem í dag stendur sem viðskiptaskuld á ríkið. Þar er sem sagt um að ræða fjármagn sem sveitarfélaginu er ætlað að nýta til annarra þjónustubátta en að greiða fyrir þjónustu sem ríkinu er ætlað að veita.